

vera 45 mm lóðrétt rauð rönd. Vinstra megin skal skrá með hvítum tölustöfum röð þess mánaðar og hægra megin tvo síðustu tölustafi þess árs þegar gildistíma skráningar lýkur.

Þegar gildistíma skráningar lýkur skal afhenda Bifreiðaskoðun skráningarmerkinn án endurgjalds.

Auk skráningarmerkis skal bifreið búin íslensku þjóðernismerki (ÍS).

9. gr.

Í skráningarskírteini skal tilgreina hvenær gildistíma skráningar lýkur.

10. gr.

Ákvæði reglna þessara gilda með sama hætti um bifhjól. Skráningarmerki skal vera að aftan. Það skal vera 240 x 130 mm að stærð, tölustafir í tveimur röðum og stafahæð 49 mm.

11. gr.

Um skráningu ökutækja samkvæmt reglum þessum gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, almenn ákvæði um skráningu ökutækja.

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi, nr. 246 5. júní 1975, sbr. reglugerð nr. 453 31. desember 1976.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. júlí 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.,  
nr. 307 15. júní 1988.**

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Um váttryggingu ökutækja sem skráð eru erlendis og heimilt er að nota hér á landi fer samkvæmt reglugerð um notkun erlendra ökutækja.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. júlí 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.